

ÁTAKIÐ RÉTTUR TIL HEIMILIS FYRIR HEIMILISLAUSA KARLMENN MEÐ ÚRRÆÐINU ÉG ER ÞESS VIRÐI

1. Lýsing á verkefninu:

Um er að ræða langtímaúrræði fyrir heimilislausa karlmenn á Íslandi, sem eru með íslenskt ríkisfang, eru íslenskumælandi, eiga fjölskyldu á landinu eða eru uppaldnir hér heima að mestu leyti. Úrræðið er fyrir einstaklinga 18 ára og eldri.

Úrræðið samanstendur af húsnæði, aðstoð við daglegar athafnir og þarfir, að leyta sér meðferðar og aðhlyningar við þeim vanda sem hver glímir við, þátttöku í hópstarfi, eldamennsku, þrifum og öðru tilfallandi, einnig viðtölum, jóga, hugleiðslum, heilun og öðrum meðferðum til að endurbyggja þeirra líf.

Uppsetningin er:

AF GÖTUNNI – GRUNNUR – STYRKUR – JAFNVÆGI
3 mánuðir – 3-9 mánuðir – 3-9 mánuðir – 3-9 mánuðir

Tími alls: 12, 21 eða 30 mánuðir auk eftirfylgni eftir þörfum í 1-2 ár eftir útskrift.
Gert er ráð fyrir að fylgja hverjum einstaklingi eftir í 3-5 ár.

2. Inntökuskilyrði:

Þeir einstaklingar sem vilja nýta sér þetta úrræði koma í viðtal þar sem farið er yfir sögu þeirra. Auk þess er farið yfir skilmálana sem fylgja og afleiðingarnar ef ekki er staðið við þá og samningurinn lesin yfir. Ef viðkomandi vill nýta þetta tækifæri þá skrifa bæði Kærleikssamtökin og viðkomandi undir samninginn.

Eftirfarandi einstaklingar geta ekki nýtt sér þetta úrræði:

Ef þeir eru með augljósa skerta getu – með mikinn geðrænan vanda – skilja ekki úrræðið né eru færir til að taka þátt í því – og þurfa þess vegna sérhæfða meðferð eða eftirlit (t.d. sjúkrahúsvist).

3. Verkefnið þarf að:

- Fylgja einstaklingnum í gegnum ferli frá því að koma af götunni með því að bjóða húsnæði í allt að 3 ár, fara yfir fjármál og aðstoða við að sækja um bætur og annað sem viðkomandi á rétt á. Þrýsta á kerfið til að leysa húsnæðisvanda fyrir viðkomandi þegar úrræðinu lýkur.
- Byggja upp grunn með aðstoð og kennslu við daglegar athafnir, reglu á svefni, næringu og líkamlegri hreyfingu, styrkja viðkomandi í að nálgast sjálfan sig, vandamál sín og erfiðleika með því að vinna með hugsanir, tilfinningar og hegðun, aðstoða við að ná jafnvægi og fótfestu í lífinu sem einstaklingur, með það umhverfi sem er til staðar og byggja upp eðlileg og nærandi samskipti.
- Áhersla um að einstaklingarnir séu í eðlilegu umhverfi og takist á við aðstæður og samskipti sem eru til staðar og koma upp (ekki einangrað meðferðarúrræði).
- Aðstoða einstaklinginn til að vinna úr samskiptavanda og mynda tengsl við fjölskyldu og ættingja.
- Aðstoða einstaklinginn til að finna áhugamál, komast í skóla eða virkja getu og styrkleika sem geta skapað viðkomandi atvinnutækifæri.
- Skapa sjálfstæði og styrkja getu einstaklingsins til atvinnuþátttöku.
- Aðstoða einstaklinginn að rjúfa það einangraða og takmarkaða líf sem hann býr við.

4. Hvaða áhrif hefur verkefnið:

Verkefnið hefur áhrif á þrjá meginþætti:

1. Stöðuna í dag. Margir einstaklingar eru fastir í kerfinu sem hefur þau áhrif að þeir
 - upplifa sig sem minnimáttar og sem ýtir undir
 - neyslu/heimilisleysi/ofbeldi/glæpi/fangelsi
2. Stofnanir. Margir þessara einstaklinga hafa verið tengdir við kerfið frá barnsaldri í gegnum Barnavernd, meðferðarheimili og lögreglu. Langflestir hafa tengsl við félagsþjónustuna á fullorðinsaldri. Stór hópur þeirra hefur verið í fangelsi.
3. Heilbrigðiskerfið. Margar meðferðir, síendurtekin líkamleg veikindi og alvarlegir sjúkdómar og sífellt lélegra líkamskerfi sem kallar á mikla aðstoð síðar meir hjá mörgum. Þessa þætti má bæta með rétttri næringu, svefni, hreyfingu og daglegri rúttinu þar sem hugað er að líkamlegri og andlegri uppbyggingu.

5. Lokaorð:

Einstaklingarnir sem nýta sér þetta úrræði greiða leigu og matarkostnað. Sem er stór liður fyrir þá að læra að nota innkomu sína til að byggja upp betri leið til lífa lífinu.

Við erum að koma fram með betri leiðir til að leysa hluta vanda heimilislausra einstaklinga á Íslandi. Það virðist sem ríkisstjórnin sé sífellt að endurtaka sama formið með neikvæðum afleiðingum – þar sem tala heimilislausra hefur tvöfaldast á síðustu 5 árum á Íslandi.

Við þurfum að nýta úrræðin á betri veg til að ná betri árangri.

Þess vegna eru Kærleikssamtökin einnig að vinna að varanlegum lausnum með langtíma markmiðum og með jákvæðum árangri. Samhliða því að ætla að reka umrætt heimili erum við að veita aðra þjónustu til heimilislausra einstaklinga.

Þakka þér fyrir að lesa þessa auglýsingu og kynningu. Með því að styrkja hjálpar þú okkur að kaupa þetta hús sem við höfum gert kauptilboð í undir þetta úrræði. Þannig hjálpar þú einnig heimilislausum einstaklingum.

Kær kveðja,
Kærleiksstamökin
Sigurlaug G. Ingólfssdóttir
www.kaerleikssamtokin.is
kls@kaerleikssamtokin.is

Reikningur 0515-26-151030
Kt. 561215-1030